

Skattatíðindi KPMG

44. tbl. - ágúst 2010

SKATTASVIÐ

Skattskylda tryggingabóta

Kona nokkur var tryggð sjúkdómatryggingu hjá líftryggingafélagi. Hún greindist með sjúkdóm sem tryggingin tók til og fékk greiddar tryggingabætur í einni greiðslu. Á skattframtali sínu tilgreindi konan bæturnar sem skattfrjálsar tekjur. Skattstjóri var annarrar skoðunar og úrskurðaði bæturnar skattskyldar. Úrskurðinum skaut konan til yfirskattanefndar sem staðfesti hann. Þeirri niðurstöðu vildi konan ekki una. Stefndi hún íslenska ríkinu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur og krafðist ómerkingar á úrskurðinum. Dómur í málinu var kveðinn upp 7. júlí sl. (mál E-10220/2009).

Lagarök konunnar fyrir dómi voru að bæturnar féllu ekki undir skattskyldu skv. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, heldur væru þær skattfrjálsar samkvæmt 2. tölul. 28. gr. sömu laga, svo og E-lið 16. gr. og 3. tölul. 20. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt.

Á þau lagarök féllst Héraðsdómur ekki. Taldi hann að bæturnar féllu undir 2. tölul. A-liðar 7. gr. eftir því orðalagi ákvæðisins að tryggingabætur teldust til skattskyldra tekna, þ.m.t. váttryggingafé vegna sjúkdóms. Taldi dómurinn undantekninguna í 2. tölul. 28. gr. ekki ná til bótanna. Undantekningin gilti samkvæmt orðanna hljóðan aðeins um greiðslu á líftryggingarfé, dánarbótum, miskabótum og

bótum fyrir varanlega örorku. Tiltók dómurinn að reglugerðarákvæði þau, sem konan vísaði til, veittu ekki heimild til að túlka lagaákvæði þessi á annan hátt en orðalag þeirra mælti fyrir um.

Dómurinn hafnaði því að bætur konunnar teldust greiðsla líftryggingarfjár. Breytti þar engu um þótt í lögum um váttryggingasamninga væri kveðið á um að sjúkdómatrygging félli undir heilsu-tryggingar og að um þær tryggingar færi samkvæmt reglum sem ættu við um líftryggingar. Fyrirmæli í lögum um váttryggingasamninga breyttu ekki efnislegu innihaldi skattalaga. Jafnframt hafnaði dómurinn því að tryggingu konunnar væri ætlað að bæta miska sem hlytist af því að greinast með erfiðan sjúkdóm.

Skattlagning arðs

Í desember 2009 var lögfest breyting á skattlagningu arðs í hendi þeirra sem ber að reikna sér endurgjald fyrir vinnu sína í þágu félagsins sem arðinn greiðir. Breytingin felst í því að ef félag úthlutar meiri arði en sem nemur 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé þess, þá skattleggst helmingur þess arðs sem umfram er 20% sem launatekjur móttakandans.

Ríkisskattstjóri hefur birt bindandi álit sitt (nr. 6/10) á því:

- Hvort reglur tekjuskattslaga um reiknað endurgjald eigi við um mann heimilisfastan á Íslandi sem starfar utan Íslands fyrir erlent félag í hans

eigu, þ.e. félag sem ekki beri ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi.

- Hvort manningum beri að telja sér til launatekna 50% af þeim heimila arði frá erlenda félaginu sem umfram er 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé þess.

Svör RSK við álitaeftum þessum eru í hnotskurn:

- Reglurnar um reiknað endurgjald eiga ekki við um vinnu mannsins erlendis í þágu félags sem heimilisfast er utan Íslands.

Þar sem manningum ber ekki að reikna sér endurgjald fyrir vinnuna, á ekki við reglan um að til launatekna hans teljist helmingur arðs umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins.

Skattfrádráttur

nýsköpunarfyrirtækja

Í desember 2009 voru sett lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (lög nr. 152/2009). Í lögnum er m.a. kveðið á um að nýsköpunarfyrirtæki eigi rétt á frádrætti frá álöggðum tekjuskatti. Frádrátturinn nemur 15% af útlögðum kostnaði við rannsóknar- og þróunarverkefni. Kostnaður til útreiknings frádráttar getur hæstur verið 50.000.000 kr. á rekstrarári. Ef keypt er þjónusta af öðru nýsköpunarfyrirtæki er hámark kostnaðar þó 75.000.000 kr. Ef um samstarfsverkefni tveggja eða fleiri nýsköpunarfyrirtækja er að ræða er kostnaðarhámarkið 75.000.000 kr.

Það álitamál hefur vaknað hvort kostnaðarhámarkið eigi við um hvert nýsköpunarfyrirtæki eða hvert verkefni. Með öðrum orðum hvort nýsköpunarfyrirtæki sem vinnur að tveimur verkefnum samtímis eigi rétt á frádrætti fyrir hvort verkefni fyrir sig, sem reiknast miðað við kostnaðarhámark hvors verkefnis.

Fjármálaráðherra hefur nú svarað því álitamáli í nýrri reglugerð, nr. 503/2010. Í hnotskurn er svarið:

Óháð fjölda verkefna getur hámarks-kostnaður til útreknings frádráttar hvers nýsköpunarfyrirtækis aldrei orðið meiri en 50.000.000 kr., eða 75.000.000 kr. ef um aðkeypta þjónustu er að ræða frá öðru nýsköpunarfyrirtæki. Við ákvörðun á hámarks frádrætti skal fyrst taka eigin rannsóknar- og þróunarkostnað að hámarki 50.000.000 kr. og síðan bæta við aðkeyptum kostnaði frá öðru nýsköpunarfyrirtæki að hámarki 25.000.000 kr. Ef um er að ræða sam-

starfsverkefni tveggja eða fleiri nýsköpunarfyrirtækja er kostnaðarhámark fyrir verkefnið í heild 75.000.000 kr. Skattfrádráttur hvers samstarfsfyrirtækis vegna verkefnisins reiknast miðað við kostnaðarlutdeild þess.

Lagabreytingartillaga KPMG tekin til greina

Í 40. tbl. Skattatíðinda sagði KPMG frá því að það hefði sent fjármálaráðuneytinu bréf þar sem bent var á brot Íslands á þeim samningsskuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir með Stofnsamningi EFTA - Fríverslunarsamtaka Evrópu og hugsanlega lausn á því.

Að mati KPMG hf. var íslenska ríkið að brjóta gegn samningsskuldbindingum sínum með ákvæðum 9. tölul. 31. gr. og 9. tölul. 31. gr. a. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaganna fjallar um frádráttarheimild íslenskra félaga vegna móttækinnar arðgreiðslna.

Með lagabreytingu á árinu 2007 var erlendum félögum, sem heimilisföst eru í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, veitt sambærileg heimild.

9. tölul. a. liðar 31. gr. tekjuskattslaganna fjallar um frádráttarheimild íslenskra félaga og félaga á Evrópska efnahagssvæði vegna söluhagnaðar hlutabréfa. Var ákvæðið innleitt í tekjuskattlögin á árinu 2008.

Sviss er ekki aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og gildi því umrædd heimild skv. orðanna hljóðan ekki um svissnesk félög. Nutu svissnesk félög því lakari réttar á Íslandi en íslensk félög og félög sem heimilisföst eru á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ráðuneytið var fljótt að taka ábendingu KPMG til greina og var lagabreytingartillaga KPMG samþykkt á Alþingi með lögum 128/2009.

Ofangreind ákvæði gilda því nú einnig um svissnesk félög.

Álagning opinberra gjalda 2010

Þann 27. júlí sl. lauk álagningu opinberra gjalda á menn vegna tekna þeirra á árinu 2009 og eigna þeirra í lok þess árs.

Á upplýsingavefjum fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra er að finna upplýsingar um fjárhæðir álagðra skatta, breytingar milli ára og fjölda gjaldenda. Eftirfarandi er unnið upp úr þeim upplýsingum. Fjárhæðir eru í milljörðum króna.

Skattur	Fjárhæð	+/- frá fyrra ári	Fjöldi gjaldenda
Almennur tekjuskattur	87,9	-5,30%	158.603
þar af hátekjuskattur	2,1		um 13.000
Útsvar	110,2	1,30%	250.070
Fjármagnstekjuskattur	15,7	-20,40%	182.699
Auðlegðarskattur	3,8		3.817
Útvarpsgjald	3,1	-3,70%	um 180.000
Gjald í framkv.sj. aldraðra.	1,5	6,10%	180.495
Tryggingagjald	1,7	14,20%	20.663

Athygli vekur að hlutfallslega skiluðu fleiri framtölum í ár en á undanförunum árum og því eru áætlanir nú færri.